

# Breiðholtið

Öll lyf á  
lágmarksverði  
og samheitalyf  
líka!



Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)

JANÚAR 2021

1. tbl. 28. árg.



Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:

Mán: 11-16

Pri-fös: 11-18

Lau 11-16

sjá nánar á [facebook.com/Systrasamlagid](https://facebook.com/Systrasamlagid)

Netverslun: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)

- bls. 4-5

Viðtal við

Esther Meehwa

Herman



Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og Eliza Reid eiginkona hans í Fellaskóla ásamt Rúben Leó Ingólfssyni og Sænni Svövu Óskarsdóttur.

## Forseti Íslands í Fellaskóla

- Setti lestrarkeppni  
formlega af stað

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands setti lestrarkeppni Samróms formlega af stað í Fellaskóla 18. janúar.

Keppnin fór fram á milli grunnskóla á Íslandi. Hún stóð yfir í viku og lauk 25. janúar. Allir gátu tekið þátt og lesið fyrir sinn skóla með því að fara inn á heimasíðu hjá Samrómi. Hver nemandi mátti lesa eins oft og hann vildi. Keppnin er haldin til þess að hvetja til þátttöku í verkefnum Samróms sem snýr að því að safna upptökum af lestri sem notaður verður til þess að kenna tölum og tækjum að skilja íslensku. Staða keppinnar var birt jafnóðum í stígatöflu sem verður aðgengileg á heimasíðu Samróms. Tveir nemar úr Fellaskóla hófu keppnina, þau Rúben Leó Ingólfsson og Sæunn Svava Óskarsdóttir, og Stúlknakór Fellaskóla söng tvö lög.

**RECARO**  
Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMÍÐURINN HF**

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)

**Þitt hverfi hefur hækkað  
einna mest síðastliðið ár.**

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

**LIND**

FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / [www.FASTLIND.is](http://www.FASTLIND.is)

VIÐ BREIÐHOLTID

**OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:**  
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:  
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

# Iceland



# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

1. tbl. 28. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

## Tvö verkefni

Tvö athyglisverð verkefni eru að hefjast í Breiðholti. Annað snýr að málþroska og læsi í leik- og grunnskólum og frístundaheimilum í Fellahverfi. Hitt hefur þrjú megin markmið. Þau eru að auka íþrótt- og frístundaþátttöku barna í Breiðholti, auka nýtingu frístundakortsins til jafns við það sem það er að meðaltali í öðrum hverfum borgarinnar og auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunotkun og félagslega virkni barna með mismunandi bakgrunn.

Í Breiðholti er eitt umfangsmesta fjölmenningsarsamfélag í borginni og raunar á landsvísi. Fjöldi fólks af erlendum uppruna frá ýmsum ólíkum menningarsvæðum hefur kosið sér búsetu þar og margt unír hag sínum vel.

Engu að síður er nauðsynlegt fyrir fólk að aðlagast nýjum heimkynnum. Ná tókum á nýju tungumáli og verða virkir þátttakendur í frístunda- og félagsstarfi. Þessum verkefnum er ætlað að auðvelda fólki þá aðlögun.

Esther Meehwa Herman spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni. Hún er í raun fjölþjóðleg. Á Bandarískan föður, japanska móðir og er alin upp hér á landi. Hún var í Hálsborg og síðan Seljaskóla og þakkar skólavistinni að hafa snemma náð tókum á íslensku. Íslenska sé erfið þeim sem ekki ná tókum á henni á barnsaldri. Hún segir í viðtalinu að hvort sem hún muni búa á Íslandi eða annars staðar í framtíðinni og eignast börn muni hún láta þau læra íslensku. Það sé mikilvægt.

Með þeim verkefnum sem getið er hér í upphafi og fjallað um á öðrum stöðum í blaðinu en Reykjavíkurborg að bregðast vanda sem gjarnan kemur upp þar sem fólk af ýmsum uppruna festir búsetu. Breiðholt er engin undantekning að því leyti. Ástæða er til að hvetja fólk til að nýta sér þessa þjónustu.

[www.breidholt.is](http://www.breidholt.is)



**GARÐS  
APÓTEK**  
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir  
Pantaðu tiltekt á appotek.is  
eða í síma 568 0990  
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum  
Pantaðu sendingu á appotek.is  
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut  
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

# Ásókn í verknám kallar á stækkun FB

- 53% nemenda skólans í verknámi á liðinni haustönn



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.

Borgarráð hefur samþykkt tillögu borgarstjóra um að gengið verði til viðræðna við menntamálaráðuneytið um þátttöku borgarinnar í kostnaði við framkvæmdir í húsnæðismálum Fjölbrautaskólans í Breiðholti Á haustönn 2020 voru skráðir nemendur 1.734 talsins í dag- og kvöldskóla. Þeir skiptast þannig að í verknám eru skráðir 915 eða 53%, í bóknám 580 eða 33%, listnám 186 eða 11% og sérdeild 53 sem eru 3%. Nemendaspá gerir ráð fyrir 10% fjölgun nemenda næstu sjö árin.

Í bréfi menntamálaráðuneytisins til borgarstjóra um málið kemur fram að mikil fjölgun nemenda hafi verið í verknámi undanfarin ár og þá helst í rafvirkjun og húsnæðis og verknám þarfnist meira rýmis en bóknám. Þá telja stjórnendur Fjölbrautaskólans í Breiðholti að komið sé að þörmörkum og sjá fram á að synja þurfi mörgum nemendum um skólavist í framtíðinni ef aðstaða

til kennslu verði ekki bætt. Skortur sé einnig á kennslustofum, aðstöðu fyrir kennara, starfsmenn og nemendur í aðalbyggingu skólans.

### Kostaður upp á milljarð

Gert er ráð fyrir því að byggja tvær skemmur ásamt tengibyggingum, samtals um það bil 2.155 fermetrar. Framkvæmdasýsla ríkisins áætlað að stofnkostnaður verði 970 milljónir króna á verðlagi í október 2020. Við bætist annar kostnaður, svo sem vegna kaupa á búnaði í húsnæði. Miðað við óvissu í áætlunum gæti heildarkostnaður orðið á bilinu 983 til 1.418 milljónir. Í samþykkt borgarráðs segir að semja þurfi við menntamálaráðuneytið um það hver greiðsluþátttaka verði, hvernig greiðslur dreifist miðað við framvindu og hvernig haldið skuli á kostnaðarfrávikum og framkvæmdaáhættu.

## Hverfið mitt 2020

# Breiðholtið með flestar hugmyndir

Breiðholtið hefur vinningin þegar um tillögur í hugmyndasöfnun Hverfið mitt 2020. Hugmynda-söfnunin er nú haldin níunda árið í röð og hefur gengið vel sem af er. Mikil aðsókn hefur verið á vefinn hverfidmitt.is en alls hafa 55.000 manns heimsótt vefinn og 7.720 hafa skráð sig þar inn og tekið beinan þátt í innsendingu og mótun á 936 hugmyndum.

Þegar hugmyndasöfnuninni var að ljúka varð ljóst að flestar hugmyndir komu úr Breiðholti þaðan sem komnar voru 139 hugmyndir. Fast á hæla Breiðholts kemur Háaleiti-Bústaðir með 131 hugmynd og í þriðja sæti er Grafarvogur með 117 hugmyndir. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd koma svo Laugar-dalur og Árbær með liðlega eitthundrað hugmyndir hvort hverfi. Ein af þeim hugmyndum sem komu úr Breiðholti var sett yrði upp nýtt hreysti- og klifursvæði nálægt Breiðholtslaug.



Nýtt hreysti- og klifursvæði nálægt Breiðholtslaug er á meðal hugmynda í söfnunina Hverfið mitt.



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

# Breiðholt



## NÝTUM 50.000 KR. FRÍSTUNDAKORTIÐ!

Reykjavíkurborg leggur öllum börnum og unglingum í borginni, 6-18 ára, til frístundakort sem inniheldur 50.000 kr. fyrir árið 2021 til að greiða fyrir þátttöku í frístundastarfi.

Forráðamenn barna ráðstafa upphæðinni um leið og þeir greiða fyrir þátttöku barns í íþrótt- og frístundastarfi. Upphæðinni má skipta, t.d. til að nýta á vor- og haustönn.

Tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík 6 - 18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

**Nánari upplýsingar:** <https://reykjavik.is/thjonusta/fristundakortid>



## دعونا نستخدم

### كرونه. بطاقة ترفيهية 50.000

تقدم مدينة ريكيافيك لكل طفل ومراهق من سن 6-18 عامًا بطاقة ائتمان ترفيهية بقيمة 50.000 كرونة. لاستخدامها للمشاركة في الأنشطة الرياضية والترفيهية في عام 2021. يستخدم الآباء و / أو الأوصياء الأموال بمجرد تسجيلهم للدفع مقابل مشاركة أطفالهم في أي رياضة أو نشاط ترفيهي. من الممكن تقسيم كمية الاستخدام بين الربيع والفصول. الغرض من بطاقة الترفيه هو ضمان قدرة جميع الأطفال

في ريكيافيك الذين تتراوح أعمارهم بين 6 و 18 عامًا على المشاركة في الأنشطة الرياضية والترفيهية. معلومة إضافية

<https://reykjavik.is/en/leisure-card>



## USEMOS LOS 50.000 KR. TARJETA DE OCIO

La ciudad de Reykjavik ofrece a todos los niños y adolescentes de 6 a 18 años un crédito de tarjeta de ocio de 50.000 kr. para ser utilizado para la participación en actividades deportivas y de ocio en 2021.

Los padres y / o tutores utilizan los fondos una vez que han registrado el pago por la participación de su hijo en cualquier deporte o actividad de ocio. Es posible dividir la cantidad de uso entre primavera y estaciones.

El objetivo de la tarjeta de ocio es garantizar que todos los niños de Reykjavik de entre 6 y 18 años puedan participar en actividades deportivas y de ocio.

**Información Adicional** <https://reykjavik.is/en/leisure-card>



## LET'S USE THE 50.000 KR. LEISURE CARD

The City of Reykjavik offers every child and teenager from 6-18 years of age, a leisure card credit of 50.000 kr. to be used for participation in sport and leisure activities in 2021.

Parents and/or guardians utilize the funds once they have registered payment for their child's participation in any sport or leisure activity. It is possible to divide the amount for use between spring and seasons.

The purpose of the leisure card is to ensure all children in Reykjavik aged 6-18 are able to participate in sport and leisure activities.

**Additional information** <https://reykjavik.is/en/leisure-card>



## UŻYJMY 50 000 KR. KARTA REKREACYJNA

Miasto Reykjavik oferuje każdemu dziecku i nastolatki w wieku 6-18 lat kredyt rekreacyjny o wartości 50 000 kr. do wykorzystania na udział w zajęciach sportowych i rekreacyjnych w 2021 r.

Rodzice i / lub opiekunowie wykorzystują fundusze po zarejestrowaniu płatności za udział ich dziecka w jakimkolwiek sporcie lub rekreacji. Istnieje możliwość podziału ilości do wykorzystania na wiosnę i pory roku. Celem karty rekreacyjnej jest zapewnienie wszystkim dzieciom w Reykjaviku w wieku 6-18 lat możliwości uczestniczenia w zajęciach sportowych i rekreacyjnych.

**Dodatkowe informacje** <https://reykjavik.is/en/leisure-card>



## GAMITIN NATIN ANG 50.000 KR. LEISURE CARD

Nag-aalok ang Lungsod ng Reykjavik sa bawat bata at binatilyo mula 6-18 taong gulang ng credit card ng leisure card na 50.000 kr. na gagamitin para sa pakikilahok sa mga aktibidad sa isport at paglilibang sa 2021.

Ang mga magulang at / o tagapag -alaga ay gumagamit ng mga pondo sa sandaling nakarehistro ang bayad para sa pakikilahok ng kanilang anak sa anumang aktibidad na isport o paglilibang.

Posibleng hatiin ang halaga para magamit sa pagitan ng tagsibol at mga panahon. Ang layunin ng leisure card ay upang matiyak na ang lahat ng mga bata sa Reykjavik na may edad na 6-18 ay maaaring lumahok sa mga aktibidad sa isport at paglilibang.

**Karagdagang impormasyon** <https://reykjavik.is/en/leisure-card>





## VIÐTALIÐ

# Ég þurfti alltaf að gera eitthvað með höndunum sem barn

- segir Esther Meehwa Herman útskrifaðist frá Fjölbrotaskólanum í Breiðholti með stúdentspróf og sem húsasmiður

**E**sther Meehwa Herman útskrifaðist frá Fjölbrotaskólanum í Breiðholti með stúdentspróf og einnig sem húsasmiður í lok liðinnar annar. Hún hafði nýlokið sveinsprófi þegar fundum hennar og Breiðholtsblaðsins bar saman á kaffihúsinu hjá Evelyn Rodriguez í Gerðubergi á dögnum. Esther er fædd hér á landi en af erlendi bergi brotin. Faðir hennar er Paul Michael Herman frá New Jersey í Bandaríkjunum en móðir hennar er Sayu Yamamoto Herman frá Japan. Þau komu hingað til lands fyrir 23 árum á vegum Unification movement sem er trúfélag, stundum kallað Sameiningarkirkjan. Hreyfingin á uppruna í Suður Kóreu. Var formlega stofnuð árið 1954 af Sun Myung Moon sem var trúarleiðtogi en einnig kunnur af afskiptum í veraldlegum málum.

Hvernig stóð á því að þau ákváðu að flytja til Íslands. „Foreldrar mínir kynntust í Bandaríkjunum. Þau voru búin að vera saman í um eitt ár þegar þeim bauðst að fara til Íslands. Þau störfuðu á vegum Sameiningarkirkjunnar og markmiðið var að kynna kenningar hennar og starfsemi hér á landi. Þau bjuggu fyrsta árið í litlu húsi á Hverfisgötunni en flutti síðan í Seljahverfið. Ég var eins árs þegar ég kom þangað og hef átt heima þar síðan.

### Lærði japönsku til að ná sambandi við ömmu sína

Þótt Esther hafi búið frá eins árs aldri í Seljahverfi hefur hún ferðast mikið. Auk Bandaríkjanna hefur hún farið til Japan og dvalið hjá móðurfólki sínu þar. „Ég átti ömmu í Japan og því varð ég að læra dálítið í japönsku. Við

systurnar vorum skildar eftir hjá henni til þess að læra málið og venjast japanska umhverfinu. Hún talaði ekki ensku svo ekki var um annað að gera en læra málið til að ná sambandi við hana. Það kom sér líka vel hér heima því ég fékk japönskuna metna sem aukamál í FB. Þurfti því ekki að byrja á nýju tungumáli.“ Esther hefur einnig komið til Suður Kóreu sem er ferðaskýlft við Japan en meiri athygli vakti þegar hún sagðist hafa verið í Rúmeníu. Hvað var hún að gera þar. „Eldri bróðir minn bjó þar um tíma. Ég fór til hans og var í Búkarest og kom lítið út á land. Það er fallett í Rúmeníu og mér fannst gaman að koma í rúmenska sveit. Það er dálítið sérstakt og öðruvísi en hér heima, vestanhafs og einnig í Japan.“

### Lærði íslenskuna í leikskólanum

Esther talar mjög góða íslensku og varla verður vart við erlendan hreim í málfari hennar. „Ég lærði íslenskuna í skóla en mamma og pabbi hafa aldrei lært íslensku að gagni. Við tölum alltaf ensku heima. Ég held það tengist starfsumhverfi þeirra hér á landi. Mamma hefur að mestu unnið að ferðamálum og pabbi í hótélbransanum. Þar gildir enska frá degi til dags. Þau töluðu hana í vinnunni jafnt sem heima og það gekk ekki upp hjá þeim með íslenskuna. Ég var svo heppin að komast snemma í leikskóla. Ég var í Hálsaborg sem heitir víst Hálsaskógur í dag og svo tók Seljaskóli við. Þannig kynntist ég íslenskunni snemma og náði tökum á henni sem barn. En ég skil alveg að fólki finnist erfitt að læra íslensku. Tungumálið er nokkuð flókið – einkum málfræðin og allar þessar beygingar. Þær geta verið erfiðar fyrir þá sem ekki



Esther Meehwa Herman undir ljósum á Cocina Rodriguez í Gerðubergi á dögnum.

eru vanir þeim. Ég á leikskólanum að mestu að þakka hvað ég náði íslenskunni fljótt.“

### Eina barnið af asískum uppruna í Seljaskóla

„Ég fór svo í Seljaskóla. Hann

er nánast við hliðina á okkur. Mér fannst góður andi í skólanum og líkaði vel. Ég er enn í sambandi við nokkur skólasystkini þótt við færum flest í sitt hvorn skólann þegar grunnskólanum lauk.“ Esther segir að margt hafi breyst

*Við systurnar vorum skildar eftir hjá ömmu til þess að læra málið og venjast japanska umhverfinu. Hún talaði ekki ensku svo ekki var um annað að gera en læra málið til að ná sambandi við hana. Það kom sér líka vel hér heima því ég fékk japönskuna metna sem aukamál í FB.*

frá því þau komu hingað til lands. „Ég var eini krakkinn af asískum uppruna í Seljaskóla. Nú eru fjöldi asíksættaðra barna þar og þó einkum í Fellaskóla. Í Fellunum er hreint fjölmenningsfélag. Ég man að ég var alltaf með í foreldraviðtölum. Ég þurfti að þýða fyrir mömmu og pabba. Kennararnir töluðu eðlilega ekki japönsku og sumir vildu heldur ekki tala ensku. Þetta hefur breyst. Flestir kennarar tala ensku í dag. Ég man líka að af því ég er ekki með erlendan hreim í íslenskunni þá héldu kennararnir að ég talaði ekki ensku þótt hún sé mitt eiginlega móðurmál og alltaf töluð heima.“

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði  
VELKOMIN

Mjóddin





Esther Meehwa tekur við prófskírteini sínu úr hendi Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur skólameistara FB.



Nemendur í húsasmíði við FB.

**Ég var í Hálsaborg sem heitir víst Hálsaskógur í dag og svo tók Seljaskóli við. Þannig kynntist ég íslenskunni snemma og náði tökum á henni sem barn. En ég skil alveg að fólki finnist erfitt að læra íslensku. Tungumálið er nokkuð flókið – einkum málfræðin og allar þessar beygingar.**

**Var alltaf að gera eitthvað með höndunum**

Og svo tók FB við. „Já, ég var staðráðin í að fara í húsasmíðina. Ég var alltaf að gera eitthvað með höndunum þegar ég var krakki. Það átti meira við mig en að liggja í bókum. Ég tók stúdentsprófið með smíðinni til vonar og var ef ég vildi fara síðar í háskóla. Húsasmíðin getur verið góð undirstaða fyrir fög sem tengjast henni – til dæmis arkitektúr eða verkfræði. Þá er gott að kunna handverkið. En ég

er ekki komin með nein áform um háskólanám hvað sem síðar kann að verða.“ En hvernig var fyrir stelpu að vera í húsasmíðanámi í FB. „Mér fannst það ágætt. Við vorum tvær stelpur sem vorum saman í þessu. Ég var líka dálítið í kvöldskólanum. Kennararnir voru skemmtilegir og allir af vilja gerðir til þess að hjálpa okkur. Aðstaðan í FB er líka góð. Stórt og rúmgott húsnæði. Síðasti áfanginn var við smíði sumarhúsa. Þá þurftum við að vinna úti og það gat verið dálítið kalt.“

**Hamarinn og nótnaborðið eiga enga samleið**

Esther tók nokkurn þátt í íþróttum þegar hún var yngri. „Svo lærði ég dálítið á píanó. Tónskóli Sigursveins er hér nánast við hliðina á FB og stutt að fara. Mér fannst gaman að læra á píanóið. Það er allt annar heimur en ég verð aðeins að gæta að fingrunum þegar ég er að smíða. Hamarinn og nótnaborðið eiga enga samleið. Það gengur ekki að spila með fingur í gífsi.“ Esther kveðst hafa verið í sambandi við krakka af hinum og þessum uppruna. „Ég þekki krakka af japönsku uppruna og fór í japanskan skóla hér heima á laugardögum frá því að ég var fimm ára til þess að læra japanska letrið og byrja að læra tungumálið.“

**Smíðin í blóðinu frá japanska afanum**

Esther gerir ráð fyrir að fara fljótlega að vinna. Við smíðar en segist ekki vilja vinna mikið úti.

„Nei ég er ekki svo mikið fyrir útiveru eða mikinn kulda. Þess vegna mun ég leggja áherslu á að fara í finsmíði frekar en húsasmíðina sjálfa. Ég fæ að sjálfsögðu að halda á hamri þótt ég vinni mest innan dyra. Ég hef oft hugsað um hvaðan smíðaáhuginn er kominn. Hvort hann geti leynst í fjölskyldum

mínun. Fyrir nokkru frétti að japanski afi minn sem er fallin frá fyrir allöngu hafi verið smíður. Ég hef trúlega áhugann frá honum.“

**Vil að mín börn fái íslenskt uppeldi**

Esther er alþjóðleg í sér en hugsar hún sér að búa á Íslandi í framtíðinni. Hún segir það óákveðið. „Ég geri ráð fyrir að fara erlendis þegar þessu ástandi sem hefur takmarkað allar ferðir lýkur. Mér hefur komið til huga að flytja um tíma til Japan. Kannski á ég eftir að smíða þar. Ég gæti alveg hugsað mér að fara aftur til Rúmeníu um tíma. Kunni vel við mig þar. Ég vona að ég geti látið verða af því að fara eitthvað í sumar. Veit ekki enn hvert en mig langar til að gera eitthvað skemmtilegt. Ég veit heldur ekki hvar ég mun koma til með að búa í framtíðinni. Ég get alveg hugsað mér að búa hér á landi þegar ég verð eldri. Ég er ein. En ef ég á eftir að stofna heimili og eignast börn finnst mér nauðsynlegt að þau fái íslenskt uppeldi. Alla vega til þess að læra tungumálið.“

# MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson  
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 695 5520



Ólafur Finnbogason  
lögg. fasteignasali  
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir  
lögg. fasteignasali  
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir  
lögg. fasteignasali  
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson  
hdl. og lögg. fasteignasali  
Sími: 865 4120



Þróstur Þórhallsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir  
lögg. fasteignasali  
Sími: 845 8958



Axel Axelsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 778 7272



Atti S. Sigvarðsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 775 1515



Páll Þórolfsson  
aðstm. fasteignasala  
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson  
aðstm. fasteignasala  
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson  
hdl. og löggiltur fasteignasali  
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir  
hdl. og löggiltur fasteignasali



Harpa Rún Glád  
hdl. og löggiltur fasteignasali

Fasteignasalan  
**Miklaborg**

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000  
www.miklaborg.is

**Með þér alla leið**



BORGARBÓKASAFNIÐ  
MENNINGARHÚS

DAGSKRÁ  
Janúar - maí 2021

Nældu þér í eintak af  
nýjasta dagskrárbæklingi  
Borgarbókasafnsins



Þú finnur hann á þínu safni!

[borgarbokasafn.is](http://borgarbokasafn.is) [Borgarbókasafnið](https://www.facebook.com/borgarbokasafn) [@borgarbokasafn](https://www.instagram.com/borgarbokasafn)

## Fellahverfi

# Samningur um að efla læsi og málproska í skólum í hverfinu



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra í heimsókn í Fellaskóli.

Gerður hefur verið samningur milli Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis sem miðar að því að efla málproska og læsi í leik- og grunnskólum og frístundaheimili Fellahverfis. Skólafólk og nemendur í Fellahverfi í Breiðholti munu vinna saman að því að efla íslenskukunnáttu og styrkja sjálfsmynd barna í hverfinu. Um er að ræða samstarfsverkefni til þriggja ára sem miðar að því að efla málproska og læsi og breyta starfsháttum í leik- og grunnskólum og frístundaheimili hverfisins. Verkefnið er nú þegar komið á fullt skrið en að því koma félagsmálaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavíkurborg og Menntavisindasvið Háskóla Íslands.

Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri heimsóttu Fellaskóla nýlega til þess að kynna sér áherslur verkefnisins, hitta aðstandendur þess og undirrita samkomulag um samstarfið. Við það tækifæri sögðu þau m.a.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir þetta jákvætt og gott verkefni sem farið er af stað með í samstarfi við ráðuneytin til þess að efla enn frekar íslenska málvitund og málproska hjá krökkunum í Fellaskóla. Við höfum verið með fókus á skólann á undanförunum árum og fjölmörg góð verkefna eru þar í gangi sem lúta að málproska, læsi og eflingu móðurmáls og íslenskrar málvitundar. Dagur segir það fagnaðarefni að fá ráðuneytin að borðinu ásamt Menntavisindasviði Háskóla Íslands.

### Lilja Alfreðsdóttir - öflugt fagfólk sem þekki mátt samvinnu og gagnreyndra aðferða

Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra segir menntun stuðla að jöfnuði og sé eitt mikilvægasta hreyfiaflið til framfara og betra lífs. Að stuðla að jöfnum tækifærum til menntunar er viðvarandi verkefni, og eitt af leiðarljósum nýrrar menntastefnu. Hún segir það öfluga fagfólk sem

hefur hrundið verkefninu í Fellahverfi af stað þekki mátt samvinnu og gagnreyndra aðferða og starfar að skýrum markmiðum. Hún kveðst hlakka til að fylgjast með þessu verkefni dafna og bindur vonir við að margir munu njóta góðs af því.

### Ásmundur Einar - menntun lykill til betri framtíðar

Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra segir menntun lykill til betri framtíðar og að öll börn hafi jöfn tækifæri til þess að mennta sig. Eftir því sem bakgrunnur barna í leik- og grunnskólum verður fjölbreyttari er mikilvægt að við leggjum áherslu á það að öllum nemendum líði vel í skólanum og skilji það sem þar fer fram. Hann segir þetta verkefni gríðarlega spennandi og það verði gaman að fylgjast með framvindu þess.

### Ösp, Holt, Fellaskóli og Vínafell munu vinna saman

Starfsfólk leikskólanna Aspar og Holts, Fellaskóla og frístundaheimilisins Vínafells munu vinna saman að því að bæta námsárangur og líðan nemenda en markmið samstarfsverkefnisins eru meðal annars: Auka hæfni leik- og grunnskólanemenda í íslensku. Efla læsi, sérstaklega málörvun, málproska, orðaforða og lesskilning nemenda með annað móðurmál en íslensku. Efla snemmbæran stuðning, samstarf og samfella milli leik- og grunnskóla og frístundaheimila. Stuðla að bættari líðan nemenda og virkni í námi.

Efla þekkingu starfsfólks leik- og grunnskóla og frístundaheimila um land allt á þessu sviði.

Verkefninu er ætlað að stuðla að jöfnum tækifærum barna Fellahverfis og annarra barna á Íslandi til menntunar en gert er ráð fyrir að á síðasta ári verkefnis verði haldin starfsþróunarnámskeið fyrir kennara og starfsfólk leik- og grunnskóla og frístundaheimila um land allt, sem byggja á niðurstöðum og reynslu af verkefninu.

## Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188

Síðumúla 27 | 588 4477 | [www.valholl.is](http://www.valholl.is) | Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði



Ingólfur Geir Gissurarson  
Framkvæmdastjóri, löggr,  
fasteignasali og leigumíðlari.  
896 5222



Heiðar Friðjónsson  
Sölustjóri, löggr,  
fasteignasali B.Sc.  
693 3356



Snorri Snorrason  
Löggr,  
fasteignasali.  
895 2115



Hildur Harðardóttir  
Lögfræðingur, löggr,  
fasteignasali. Skjalagerð.  
897 1339



Margrét Sigurgeirsdóttir  
Skrifstofustjóri,  
margret@valholl.is  
588 4477



Pétur Steinar Jóhannsson  
Aðstoðarm., fasteignasala  
Snæfellsnesi  
893 4718



Anna F. Gunnarsdóttir  
Löggr,  
fasteignasali.  
Lista og innanhús Stílísti.  
892 8778



Sturla Pétursson  
Löggr,  
fasteignasali.  
899 9083



Hrafnhildur B. Baldursdóttir  
Löggr,  
fasteignasali.  
BA í stjórnálfraði.  
862 1110



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



# Zonnic

## NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVAEMUR KOSTUR  
TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



---

**zonnic®** TAKTU STJÓRNINA!

---

Zonnic pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma þegar sígaretta væri venjulega reykt eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnholsúðanum á milli kinnar og tanna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is). Nicovum AB. NIC201204 – Desember 2020.



# Öflugri frístundir í Breiðholti

- er nýtt tilraunaverkefni sem snýst um að auka þátttöku íbúa hverfisins í íþrótt-, tómstundastarfi og auka lýðheilsu í hverfinu

Þjónustumiðstöð Breiðholts mun stýra verkefninu. Tveir starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar, þau Práinn Hafsteinsson og Nichole Leigh Mosty sjá um framkvæmdina í samráði við leik- og grunnskóla, frístundamiðstöð, íþrótt- og frístundaóla í hverfinu og íbúana.

Verkefnið hefur þrjú megin markmið sem eru að auka íþrótt- og frístundabátttöku barna í Breiðholti, auka nýtingu frístundakortsins til jafns við það sem það er að meðaltali í öðrum hverfum borgarinnar og auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunotkun og félagslega virkni barna með mismunandi bakgrunn.

Unnið er að því að efla lýðheilsu í öllum hverfum borgarinnar en í Breiðholti er sérstaklega horft til þess að auka þátttöku fólks af erlendum uppruna.

**Viljum einkum ná til þeirra sem ekki taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi**

Að sögn Óskars er verið að mæta þörfum samfélagsins á miklum breytingatímum sem auknir fólksflutningar á milli landa hafa í för með sér. „Samfélagið í Breiðholti ber augljós merki þessara breytinga og við viljum gera fólki hvaðan sem það kemur kleift að búa í hverfinu og auðvelda því að vera um leið virkir þátttakendur í okkar

fjölbreytta samfélagi,“ segir Óskar Dýrmondur. Hann bætir því við að með verkefninu vilji þau ná til nýrra Breiðhyltinga, sér í lagi þeirra barna og unglunga sem ekki taka þegar þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi.

**Mikilvægt að hreyfa sig og borða hollan mat**

Práinn Hafsteinsson og Nichole Leigh Mosty, starfsmenn verkefnisins í Breiðholti, segja átakið miða að því að hvetja alla íbúa Breiðholts, unga sem aldna, til að lifa heilsusamlegu lífi með því að hreyfa sig reglulega, borða hollan mat og tileinka sér heilbrigðan lífsstíl og síðast en ekki síst huga að andlegri líðan.

Frístundum í Breiðholti er ætlað að virkja sem flest börn og ungmenni til þátttöku í íþróttum og frístundum, studd af foreldrum. Með þátttöku sinni í íþróttum og frístundum opnast leið fyrir börnin til að taka meiri þátt í samfélaginu í hverfinu. Með þátttöku styrkja þau líka íslenska málnotkun og mynda frekar félagsleg tengsl við krakka af ólíkum uppruna. Með þátttöku í frístundum verða börnin hluti af stærri og fjölbreyttari vinahópi og eignast stærra tengslanet.

**Leita að sendiherrum**

Práinn og Nichole segja að markmið þeirra sé að byggja upp traust tengsl við ólíka hópa fólks í hverfinu. Þau vilja fá til

liðs við sig áhugasamt fólk eða nokkurs konar sendiherra eða tengiliði við mismunandi hópa samfélagsins. Sendiherra verður tengiliður fyrir ákveðinn hóp fólks af svipuðum uppruna og málsvæði. Sendiherrar geta miðlað upplýsingum inn í hópinn, eins og t.d. um möguleika barna til íþrótt- og frístundabátttöku og notkun frístundakortsins. Þetta getur líka átt við um aðra þjónustu og möguleika íbúa hverfisins til betra lífs. „Sendiherrum er ekki síður ætlað að miðla ráðum og tillögum frá sínum samfélagshópi um hvernig við sem störfum í þjónustu Reykjavíkurborgar getum gert samfélagið betra í Breiðholti fyrir alla íbúa þess óháð bakgrunni,“ segir Nichole. Þeir sem hafa áhuga á að gerast sendiherrar geta leitað til starfsmanna Þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem gefa allar frekari upplýsingar og taka á móti hugmyndum og tillögum frá íbúum.

Að lokum vilja þau Nichole, Óskar Dýrmondur og Práinn hvetja alla til að vera með í verkefninu Frístundir í Breiðholti. Þau beina því sérstaklega til foreldra, forráðamanna, vina og ættingja að hvetja börn til þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi í Breiðholti. Þannig verði til uppbyggilegt og virkt samfélag fyrir alla.

**Extract in english**

The Breiðholt Service Centre will be leading the programme, according to Óskar Dýrmondur Ólafsson, director. Two senior programme managers, Práinn Hafsteinsson and Nichole Leigh Mosty will be managing the project in consultation with the residents, as well as pre-schools and primary schools, after-school centres, and sports- and leisure clubs in the neighbourhood. The project has three main goals: to increase sports and leisure club participation of children in Breiðholt; to increase the utilization of the city's leisure card so that children in Breiðholt use it to the same extent as in other districts of Reykjavík and to facilitate social inclusion and encourage the use of Icelandic amongst children with diverse backgrounds. Práinn and Nichole, who



Óskar Dýrmondur Ólafsson hverfisstjóri og Nichole Leigh Mosty og Práinn Hafsteinsson sem munu stýra verkefninu.



Á athafnasvæði ÍR í Breiðholti er að finna margvíslegt íþróttastarf og góða og batnandi aðstöðu.

lead the project in Breiðholt, say the promotion campaign aims to encourage all residents of Breiðholt, young and old, to adopt a healthy lifestyle by exercising regularly, eating healthy food and, last but not least, by taking care of their mental health.

The project aims to mobilize as many children and young people as possible to participate in sports and leisure activities, and with the support of their parents. By taking part in organized leisure activities, the children also become part of the community as a whole. They can strengthen their Icelandic skills and get to know other children of different backgrounds, and thus

the children become part of a larger and more diverse group of friends and develop larger social networks.

Práinn and Nichole say that their goal is to build a solid relationship with different groups of people in the neighbourhood. They want to develop a network of interested people or ambassadors who can serve as contact-persons for a certain group of people of similar origin and language area. The ambassadors would then disseminate information to these different groups, such as all the different sports and leisure activities available to children in Breiðholt, and how to utilize the leisure card.

## Gleymdar konur sögunnar í Gerðubergi

Gleymdar konur sögunnar, verða á dagskrá í Bókakaffi Gerðubergs, miðvikudaginn 27. janúar n.k. klukkan 19:30 til 21:00. En viðburðurinn er hluti af dagskrá sem unnin var með Franska sendiráðinu og Alliance Française í Reykjavík með stuðningi frá UNESCO Bókmenntaborginni Reykjavík.



Kvöldið hefst með því að heiðra minningu fimm gleymdra kvenna með fimm stuttmyndum úr Brazen-seríunni, eftir Pénélope Bagieu í leikstjórn Mai Nguyen og Charlotte Cambon, áður en umræður hefjast. Í umræðunum verður leitast við að svara eftirtöldum spurningum. Hvaða kvenna samtímans mun framtíðin minnst? Munu sögubækur framtíðarinnar vera öðruvísi en þær sem við lesum í dag, þegar kemur að afrekum kvenna? Hvað gerir fólk minnisvert? Hvers vegna er afreka karla fremur minnst en kvenna? Hver skrifar söguna og hvernig getum við tekið ábyrgð í ferlinu? Erla Hulda Halldórsdóttir, Þóra Hjörleifsdóttir og Nína Björk Jónsdóttir munu stýra umræðunum.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNLSA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utfarin.is

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

T&G

Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnabjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**

109 Reykjavík

Sími: 696-3436

www.togg.is



# SHAKE&PIZZA GÓÐAN DAGINN

OPÍÐ : MÁN - MIÐ: FRÁ 17 / FIM & FÖS: FRÁ KL. 16 / LAU & SUN: FRÁ KL. 14

## HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

**EIN, TVÆR OG  
FRÍ PIZZA EF  
ÞÚ SÆKIR**



3 FYRIR 2 AF ÖLLUM PIZZUM AF MATSEÐLI  
- BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA

Pantaðu á  
[shakepizza.is](http://shakepizza.is)  
eða í síma  
5 17 18 19

**EINN, TVEIR OG  
FRÍR SHAKE EF  
ÞÚ SÆKIR**



3 FYRIR 2 AF ÖLLUM SHAKE-UM AF MATSEÐLI  
GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM

**EIN PIZZA & SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.**

KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR VIÐ ANNARRI Á 1.000 KR. - BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

[shakepizza.is](http://shakepizza.is)

**shake&pizza**

#shakeandpizza

**ÞAÐ ER GALOPIÐ HJÁ OKKUR &  
SPILUM Á ANNARRI HVERRI BRAUT /  
BOLTINN Í BEINNI OG BOLTATILBOÐ  
Á MAT OG DRYKK**

FYLGSTU MEÐ DAGSKRÁNNI Á [FACEBOOK.COM/KEILUHOLLIN](https://www.facebook.com/keiluhollin)

- OPNUNARTÍMAR KEILUHALLARINNAR -

MÁN - MIÐ: FRÁ 17 / FIM & FÖS: FRÁ KL. 16 / LAU & SUN: FRÁ KL. 14

[keiluhollin.is](http://keiluhollin.is)

**Keiluhöllin**  
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00



# Fjölsmiðjan semur við framhaldsskóla

- nám í Fjölsmiðjunni metið til framhaldsskólalæninga



Frá undirritun Fjölsmiðjunnar við framhaldsskóla.

Gerður hefur verið samstarfssamningur Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu, Borgarholtskóla, Fjölbrautaskólans við Ármúla, Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Tækniskólans undirritaður í húsnæði Fjölsmiðjunnar, Víkurhvarfi 2 Kópavogi. Undir samstarfssamninginn rituðu Ellen Calmon formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar, Hjördís Bára Gestsdóttir verkefnisstjóra Fjölsmiðjunnar, Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtskóla, Magnús Ingvason skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Hildur Ingvarsdóttir skólameistari Tækniskólans.

Þann 7. september sl. hlaut Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu viðurkenningu frá Menntamálastofnun sem framhaldsfræðsluáðili á 1. þrepi. Samstarfssamningurinn hljóðar upp á að nemar Fjölsmiðjunnar geta nú sótt einingabært nám á 1. þrepi í samstarfsskólunum. Í fyrstu verður boðið upp á nám í tveimur áföngum í íslensku, tveimur áföngum í stærðfræði og tveimur áföngum í lífsleikni. Einingarnar sem nemarnir ljúka eru svo metnar að fullu til áframhaldandi náms ef vill.

Þessi viðurkenning hefur mikla þýðingu fyrir starfsemi og nema Fjölsmiðjunnar þar sem nemar fá aukin tækifæri til náms í Fjölsmiðjunni sem metið verður til framhaldsskólalæninga. Þá er þetta ekki síður viðurkenning á þeirri þróun á faglegu starfi Fjölsmiðjunnar sem hefur átt sér stað á síðastliðnum árum.

Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun og á 20 ára farsæla sögu á þessu ári. Hún sinnir mikilvægu hlutverki hvað varðar félags- og virkniúrræði fyrir ungmenni. Byggt er á góðu samstarfi við atvinnulífið, félagsþjónustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Vinnu- og menningarmálaráðuneytið og aðra aðila sem vinna að málefnum ungs fólks. Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk með náms- og starfsendurhæfingu að augnmiði.

# Átján rafvirkjar og sextán húsasmiðir útskrifuðust úr FB

- dúxinn Selma Lind Davíðsdóttir var með 9.48 í einkunn

Útskrift FB fór fram við hátíðlega athöfn í skólanum 18. desember. Af þeim 121 sem útskrifuðust frá skólanum voru 8 nemendur með tvö lokapróf. Þá útskrifuðust 66 nemendur með stúdentspróf, 16 húsasmiðir, 18 rafvirkjar, 13 sjúkraliðar og 9 útskrifuðust af snyrtibraut. Nemendur mættu til útskriftarinnar eftir brautum og var útskriftinni streymt svo vinir og vandamenn gætu tekið þátt í athöfninni heima.

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari stýrði athöfninni ásamt fag- og sviðsstjórum. Fluttar voru rafrænar kveðjur frá fulltrúum brauta og tónlist leikin. Viðurkenningar voru veittar fyrir ágætan námsárangur og sópaði Selma Lind Davíðsdóttir, stúdent af tölvubraut að sér flestum. Hún fékk viðurkenningu fyrir besta árangur á stúdentsprófi með einkunnina 9.48. Þá hlaut Selma Lind einnig viðurkenningu frá Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella sem og verðlaun fyrir ágætis árangur í raungreinum, stærðfræði og tölvugreinum. Þá veitti Styrktarsjóður Kristínar Arnalds Selmu Lind viðurkenningu fyrir bestan árangur í íslensku. Þá hlaut Hlynur Gíslason viðurkenningu fyrir bestan árangur á rafvirkjabraut, dönsku og spænsku en Hlynur útskrifaðist bæði af rafvirkjabraut og sem stúdent. Þá veitti Rótaryklúbbur Breiðholts Lindu Björg Björnsdóttur, nýstúdent af félagsfræðibraut viðurkenningu fyrir störf að félagsmálum.

Haraldur Guðjónsson ljósmyndari tók myndirnar.



Selma Lind Davíðsdóttir, stúdent af tölvubraut sópaði að sér flestum viðurkenningum. Hún fékk viðurkenningu fyrir besta árangur á stúdentsprófi með einkunnina 9.48.



Linda Björg Björnsdóttur, nýstúdent af félagsfræðibraut hlaut viðurkenningu Rotary fyrir störf að félagsmálum.



Hlynur Gíslason viðurkenningu fyrir bestan árangur á rafvirkjabraut, dönsku og spænsku en Hlynur útskrifaðist bæði af rafvirkjabraut og sem stúdent.

Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi

## Vill að sálfræðingar hafi aðsetur í skólunum

Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi vill að sálfræðingar skólþjónustu borgarinnar hafi aðsetur í þeim skólum sem þeir sinna í stað þjónustumiðstöðva. Hún lagt fram tillögu þess efnis í borgarstjórn. Þá er lagt til að skólasálfræðingarnir heyri beint undir skólastjórnendum sem ákvarði í samráði við nemendaverndarráð verkefnalista sálfræðings án miðlægra afskipta.

Kolbrún segir að alls séu 837 börn á biðlista eftir þjónustu fagfólks í skólum Reykjavíkur, einkum þjónustu sálfræðinga. Er það mat Kolbrúnar, sem sjálf er sálfræðingur að með því að færa aðsetur sálfræðinga til skólanna væru þeir í daglegri tengingu við börn og kennara og yrðu hluti af skólasamfélaginu. Með núverandi fyrirkomulagi þekki börn ekki skólasálfræðing sinn og foreldrar viti upp til hópá ekki af úrræðinu.

**Biðlisti í sögulegu hámarki**

Kolbrún bendir á að biðlisti til skólasálfræðinga sé í sögulegu hámarki. Hún bendir eining á að staðan sé þannig að börn bíði jafnvel mánuðum saman eftir að hitta skólasálfræðing og foreldrar hafa upp til hópá ekki hugmynd um hver sálfræðingur skólans er. Með því að færa aðsetur sálfræðinga til skólanna væru þeir í daglegri tengingu við börnin og kennara og yrðu hluti af skólasamfélaginu. Skilvirkni yrði meiri og þjónusta við börnin betri. Þverfaglegt samstarf sálfræðinga á þjónustumiðstöð gæti haldið áfram engu að síður, nú t.a.m. einnig í gegnum fjarfundabúnað.



Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur og borgarfulltrúi.

**Foreldrar kaupa sálfræðiþjónustu út í bæ**

Kolbrún segir að í fjölmörgum tilfellum hafa börn sem nauðsynlega hafa þurft sálfræðiþjónustu eða greiningu, sem aðeins sálfræðingar mega framkvæma, ekki fengið slíka þjónustu á grunnskólaárum sínum. Hún segir að foreldrar sem gefist hafa upp á að fá aðstoð fyrir barn sitt hjá skólasálfræðingi hafa stundum þurft að kaupa sálfræðiþjónustu, þar með talda greiningu frá sálfræðingi úti í bæ. Eins og skilja megi eigi ekki allir foreldrar þess kost að fjármagna slíkt, og því sitja börnin ekki við sama borð hvað kemur að tækifærum til að fá þá þjónustu sem þau þarfnast.

**SmíðaVík**  
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri, bæta þéttingu glugga og hurða, lagfæra glugga og hurðir eða skipta því út fyrir nýju erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is

sími 898-0503

Guðlaugur





# Fjölbreytt félagsstarf hefur göngu sína á nýju ári

Félagsstarf fullorðinna, 18 ára og eldri í Breiðholti er nú að fara af stað á nýju ári og eru allir velkomnir. Aðstæður vegna Kórónaveirunnar hafa sett mark á starfið að undanfögnu þar sem samkomutakmarkanir hafa verið við lýði og Gerðuberg var lokað um tíma. Opið félagsstarf felur í sér að ókeypis aðstaða er í boði og er það opið verkþökum sem geta staðið þar fyrir ýmsum námskeið. Starfsmenn félagsstarfsins geta þó verið hópum innan handar um ýmis viðvik.

Félagsstarf með stuðningi er fyrir þá sem af einhverjum orsökum þurfa á stuðningi að halda til að geta stundað félagsstarf. Markmið félagsstarfs er að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á opið félags- og tómstundastarf auk fjölda námskeiða.

Félagsstarfið í Árskógum er opið frá kl. 8.30 til 16.00 alla virka daga. Þar fer fram fjölbreytt starfsemi með það að markmiði að höfða til sem flestra. Færir leiðbeinendur, sjálfbóðaliðar og verktakar leiða öflug dagskrá með skemmtilegum og fjölbreyttum verkefnum. Hægt er að kaupa hádegisverð, en panta og afpanta þarf með fyrirvara eða í síðasta lagi kl. 9.00 þann dag sem á borða. Bæði er hægt að vera í fastri áskrift og/eða panta þegar hentar. Morgunverður og kaffisala er í boði á vegum Skógarbæjar sem öllum er velkomni að sækja. Félagsrýmið er með fjölbreyttri aðstöðu sem nýtist vel fyrir ýmiskonar hreyfingu, félagsstarf, fundi og ýmsa viðburði. Einnig er hægt að dansa, bjóða í kaffi, spjalla, sjá bíósýningar, halda fyrirlestra og margt fleira. Gestir hafa aðgang að tölvu og spjaldtölvum og nýjustu dagblöðin liggja jafnan frammi til lestrar. Starfsfólk tekur öllum hugmyndum fagnandi og það er tilbúið að vinna að þeim með þér svo ekki hika við að hafa samband viljir þú hafa frumkvæði að félags- eða tómstundastarfi í félagsstarfi fullorðinna í Árskógum. Umsjónarmaður Félagsstarfs í Árskógum er Anna Bjarnadóttir.

Fristunda- og félagsstarfið í Gerðubergi er opið frá kl. 8.30 til 16.00 alla daga. Þar fer fram fjölbreytt starfsemi sem er ætluð fólki á öllum aldri. Yfir daginn er þar öflug dagskrá með skemmtilegum og fjölbreyttum verkefnum undir leiðsögn reyndra

leiðbeinenda og sjálfbóðaliða. Ekki þarf að sækja sérstaklega um þátttöku í félagsstarfinu, aðeins að mæta á staðinn. Meðal þess sem er í boði er glerskurður,

tréútskurður, myndlist, prjónakaffi, bókband og leikfimi. Sundleikfimi fer fram í Breiðholtslaug og þar er einnig þúttvöllur. Þá geta áhugasamir söngfluglar tekið þátt

í Gerðubergskórnum, en hann hefur verið starfræktur í fjölda ára. Gestir hafa aðgang að tölvu og nýjustu dagblöðin liggja jafnan frammi. Umsjón yfir félagsstarfi

í Gerðubergi hefur Helga Benediksdóttir og Forstöðumaður fjölskyldumiðstöðvar og félagsstarfs í Breiðholti er Elisabet Karlsdóttir.



Félagsstarfið í Gerðubergi er að fara af stað að nýju.



## Esomeprazol Actavis – dregur úr einkennum sýrubakflæðis

teva 028072

FÆST ÁN LYFSEÐILS



Esomeprazol Actavis 20 mg, 14 og 28 magasýrupólur töflur. Hver tafla inniheldur 20 mg af virka efni esomeprazóli og tilheyrir flokki prótónpumpuhamla. Þeir verka með því að minnka framleiðslu síru í maga. Lyfið er ætlað sem skammtímameðferð hjá fullorðnum við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Gleypa skal töfluna heila með sopa af vatni, með mat eða á fastandi maga. Ekki skal tyggja eða mylja töfluna. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafraðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is). Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.



**Útfararþjónusta**  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi  
s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is)  
[utfor.is](http://utfor.is)

VIÐ ÞJÓNUM  
ALLAN SÓLARHRINGINN



## Félagsmiðstöðvarnar eru að lifna við



Með hækkandi sól og lengri degi má segja að allt lifni við og þar á meðal starf félagsmiðstöðva Breiðholts. Starfið í félagsmiðstöðvum Breiðholts er hægt og rólega að ná fullum krafti á ný þó svo að takmarkanir og áskoranir eru enn þá til staðar, en miðað við síðustu mánuði horfum við jákvæð í átt að næstu vikum og mánuðum. Unglingarnir okkar og krakkarnir í tíu til tólf ára starfinu hafa lýst yfir mikilli ánægju hve allt er að verða venjulegt á ný innan félagsmiðstöðvanna fyrir utan grímuklædda starfsmenn.

Við höldum í vonina að með hverri viku sem líður getum við gert meira með krökkunum og skipulagt viðburði og dagskrárliði sem hefur verið hefð fyrir síðustu ár. Viðbúin erum við þó ef að við þurfum að breyta starfinu okkar á ný vegna takmarkana þar sem að við þurfum að gera það oftast en einu sinni á liðnu ári. Nú erum við með fullan banka af reynslu og fjölbreyttum hugmyndum. Ekki er annað hægt en að hrósa krökkunum í hverfinu fyrir þolinmæði og aðlögunargetu fyrir breytingum sem engin okkar þurfti að upplifa sem börn og hafa þau tekist á við áskorunum með þryði. Við vonumst til þess að allt gangi okkur í hag og að krakkarnir fái að njóta félagsmiðstöðvanna til fulls á næstu vikum.

Börn í fyrsta og öðrum bekk

## Geta stundað tvær gerðir íþrótta fyrir 25 þúsund krónur á önn

„Breiðholtskrakkar 1.-2. bekkur“ veitir börnum í fyrsta og öðrum bekk tækifæri til að stunda tvær gerðir íþrótta, tónlistar eða dans samtímis og greiða aðeins kr. 25.000 fyrir þátttöku sína á önn. Forráðamenn greiða 25.000 krónur eða helming frístundastyrks fyrir þátttöku á vorönn 2021. Reykjavíkurborg greiðir aukaframlag með hverjum þátttakanda sem er 15.000 krónur beint til íþrótta- og frístundaðila sem þjónusta þátttakandann. Skráning fer fram á [www.breidholt.is](http://www.breidholt.is) eða á vefsíðum íþrótta- og frístundaðila hér að neðan.

Ef þátttakanda finnst að valinn kostur henti ekki er mögulegt að skipta yfir í annan á miðri önn án aukagjalds. Fyrir hverja? Börn sem eiga lögheimili í Breiðholti og stunda nám í 1. og 2. bekk geta nýtt sér þetta tækifæri. Gjaldfrjáls frístundarúta ekur um Breiðholt á virkum dögum milli 13:55 og 15:45. Rútan auðveldar börnum að komast frá skóla/ frístundaheimili og í íþróttir, tónlist eða dans. Nánari upplýsingar veitir Þráinn Hafsteinnsson verk-efnastjóri frístunda og félagsauðs, þjónustumiðstöð Breiðholts. [thrainn.hafsteinnsson@reykjavik.is](mailto:thrainn.hafsteinnsson@reykjavik.is)



Valkostir sem eru í boði:

- Dans Brynju Péturs-hip hop - [www.bynjapeturs.is](http://www.bynjapeturs.is)
- Dansgarðurinn-ballet - [www.dansgardurinn.is](http://www.dansgardurinn.is)
- ÍR - fimleikar - [www.ir.is](http://www.ir.is)
- ÍR - júdó - [www.ir.is](http://www.ir.is)
- ÍR - ungar (fótbolti, handbolti, körfubolti, frjálsar, karate, kela, skiði, tækwondo) - [www.ir.is](http://www.ir.is)
- Leiknir - fótbolti - [www.leiknir.com](http://www.leiknir.com)
- Ægir - sund - [www.aegir.is](http://www.aegir.is)
- Tónskóli Eddu Borg - hóptímar í forskóla fyrir hljóðfæranám - [www.teb.is](http://www.teb.is)
- Tónskóli Sigursveins - hóptímar í forskóla fyrir hljóðfæranám - [www.tonskolisigursveins.is](http://www.tonskolisigursveins.is)

# HÓLAGARÐUR

- Persónuleg þjónusta í vinalegu umhverfi -



AfroZone



Sarin  
- nuddstofa





# LÁTTU ÞÉR

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,  
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

# LÍÐA VEL

LUR.IS

Dönsk  
gæði

Lama®

Danskt handverk  
síðan 1939



RICCARDO rafstillanlegur tungusófi

Öll sæti  
og bak  
stillanlegt



Brunstad  
hvíldarstóll

BRUNSTAD  
NORDISK DESIGN



ISABELLA hægingdasófi.  
Sjá nánar á lur.is

Öll sæti  
stillanleg



SITTING VISION  
hvíldarstóllar

BUGATTI®  
ITALY



ORACOL tungusófi

Svefnsofar í miklu úrvali.

Stillanleg  
rúm



Margar  
stærðir



ERMES hægingdasófi. Sjá nánar á lur.is

Öll sæti  
stillanleg



GRACE hægingdastóll

Stillanlegur  
höfuðpúði



CALIA  
ITALIA

CALIA  
ITALIA



JACOB stóll frá Calia Italia

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR



VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK  
Opíð alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LUR  
BETRI HVÍLD



## HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

# Kynnum og nýtum frístundakortið

Frístundakortið er framlag og hvatning Reykjavíkurborgar til allra barna með lögheimili í borginni til að taka þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótta-, lista- og tómsundastarfsemi.



Framlagið á frístundakortinu er kr. 50.000 fyrir árið 2021 fyrir öll börn 6-18 ára með lögheimili í Reykjavík. Foreldrar ráðstafa upphæðinni af frístundakortinu um leið og þeir skrá og greiða fyrir börn sín til þátttöku í frístundastarfinu. Börn sem verða sex ára á árinu eiga rétt á styrk frá 1. janúar það ár og út árið sem þau eru 18. Einstaklingar sem orðnir eru 18 ára þurfa að skrá sig sjálfir til þess að ráðstafa styrk.

Frístundakortið hefur frá upphafi verið gríðarlega mikilvægt framlag og hvatning til þátttöku í uppbyggilegu frístundastarfi barna í Reykjavík. Fjöldi sendinefnda frá nágrennalöndunum hefur komið á undanförunum árum til borgarinnar til að kynna sér frístundakortsfyrirkomulagið.

Nýting frístundakortsins í Breiðholti hefur í mörg ár verið hlutfallslega lægri í en í öðrum hverfum borgarinnar. Í vetur var verkefni „Frístundir í Breiðholti“ hrundið af stað en eitt af þremur megin markmiðum verkefnisins er að bæta nýtingu frístundakortsins í Breiðholti. Liður í því verkefni er stóraukin kynning á frístundakortinu. Með aukinni fræðslu og kynningu til foreldra og iðkenda um frístundakortið getum við náð hærri nýtingu kortsins í hverfinu og að fleiri börn geti notið þess að taka þátt í frístundastarfi. Hér með er skorað á alla foreldra barna sem þekkja notkun frístundakortsins að kynna það fyrir öðrum foreldrum sem ekki þekkja eins vel til. Nýtum þetta mikilvæga framlag borgarinnar fyrir börnin í hverfinu.

Þráinn Hafsteinsson.

Verkefnastjóri frístund og félagsauðs.  
Þjónustumiðstöð Breiðholts.



Þráinn Hafsteinsson.

## Eignausmjón

20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun



Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
Sími 585 4800  
thjonusta@eignausmjon.is  
eignausmjon.is

EIGNAUMSJÓN

20 ára

## Breiðholtsblaðið

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

## Guy Smit áfram í marki Leiknis

Hollenski markvörðurinn Guy Smit hefur samið á ný við Leikni í Reykjavík og mun verja mark liðsins í úrvalsdeild karla í knattspyrnu á næsta tímabili.

Smit er 24 ára gamall og kom til Leiknis rétt áður en síðasta tímabil hófst frá FC Eindhoven í Hollandi en hann lék áður með unglíngaliðum Nijmegen og Vitesse.

Hann lék nítján af tuttugu leikjum Leiknismanna í 1. deildinni á síðasta ári en þeir voru í öðru sæti þegar Íslandsmótinu var hætt í lok október, með betri markatölu en Fram, og leika því í úrvalsdeild karla, Pepsi Max-deildinni, í annað skipti á þessu ári.



Guy Smit markmaður Leiknis.

## Davíð Snorri mun þjálfra U21

Leiknismaðurinn Davíð Snorri Jónasson mun þjálfra U21 landsliðs karla. U21 árs liðið er á leið á EM sem hefst í mars næstkomandi.

Davíð Snorri hefur þjálfað U17 landsliðið undanfarin ár og var aðstoðarmaður Þorvaldar Órylgssonar hjá U19 landsliðið karla. Þá þjálfaði hann Leikni um tíma og var aðstoðarþjálfari Stjörnunnar.



Davíð Snorri Jónasson.

## Verðlaunabóka-klúbburinn vinsæll

Nemendum Breiðholtsskóla var boðið að ganga í verðlaunabókaklúbbinn á haustönn. Í klúbbnum eru bækur sem hlotið hafa íslensku barnabókaverðlaunin.

Margir lestrarsnillingar frá þriðja bekk og upp úr hafa skráð sig og ber þeim saman um að þetta séu allt virkilega góðar bækur. Í bókaklúbbnum skrifa nemendur titla sem þau hafa lesið á þar til gert blað og fá óvænta glaðninga eftir ákveðinn fjölda lesinna bóka. Öllum er frjálst að ganga í Verðlaunabókaklúbbinn þar sem hver og einn les á sínum hraða eða lætur lesa fyrir sig.




Þær Guðbjörg Hera og Bryndís luku nýlega fimm bóka markinu og fengu persónulegt bókamerki að launum.

## Fræðsla um handritin

Fræðsla um handritaarfinn okkar fór fram í Breiðholtsskóla á dögnum. Tilfnið var að í ár eru 50 ár liðin frá því að Íslendingar fengu skinnhandritin heim frá Danmörku.

Snorri Mátsson og Jakob Birgisson frá Árnastofnun komi í heimsókn og fræddu nemendur í 6. bekk um handritaarfinn okkar, sögðu meðal annars frá því sem stendur í þeim og hvernig handritin voru búin til. Mjög fróðlegt var að læra að í hefðbundna bók þurfti skinn af 130 kálfum, og að blekbyttur voru búnar til úr þvagblöðru svína. Snorri og Jakob sögðu okkur frá þrekvirkri Árna Magnússonar sem ferðaðist um landið og safnaði handritunum fyrir meira en 300 árum og bjargaði þeim frá því að verða endurnýtt í skó og jafnvel eldhússigti sem dæmi. Þeir útskýrðu hvernig handritin okkar enduðu í Danmörku. Sögðu frá brunanum í Kaupmannahöfn sem eyðilagði næstum þennan merkilega menningararf okkar og greindu frá því hvernig við varðveitum þessar gersemar í dag.



Mikill menningararfur er fólgin í handritunum.



# Rafrænt þorrablót ÍR



Þorrablót ÍR var haldið með óvenjulegu sniði þetta árið.

Þorrablót verða haldin með öðru sniði en venjulega nú í ár. Íþróttafélag Reykjavíkur var með þeim fyrstu á landinu til að halda stórt þorrablót en það fór fram á rafræna máta. ÍR-ingar fóru þá leið að bjóða sínum félagsmönnum að taka þátt í blótinu með því að kaupa þorrabakka og happdrættismiða. Íþróttafólk félagsins sá síðan um að keyra veisluna út til íbúa Breiðholts og nágrennis síðustu daga en blótið er ein stærsta fjáröflun félagsins.

Þorrablótnefnd félagsins gaf frá sér yfirlýsingu í aðdraganda þorrablótisins þar sem kom fram að

ætluin væri að blóta með pompi og prakt „Við hjá ÍR látum ekki deigan síga á tímum Covid. Við ætlum með þinni hjálp að halda geggjað rafrænt Þorrablót. Það verður sannkölluð veisla í öllu Breiðholtinu, partý í hverju húsi og bláa ÍR hjartað mun slá hratt þetta kvöld – allt samkvæmt reglum þríeykisins,“ segir í yfirlýsingu frá ÍR. Ingó Veðurguð kom fram og Anna Svava hélt um taumana. Fjöldasöngur, grín og glens, happdrætti og leikir og skemmtiatriði frá deildum og liðsmönnum félagsins voru á meðal atriða sem sent voru rafrænt.

## Enn taplausar eftir stóran sigur á Ísafirði

ÍR-stelpurnar í körfubolta gerðu góða ferð á Ísafjörð um helgina. Eftir mikla óvissu var leikurinn spilaður á sunnudag, og tóku stelpurnar stigin 2 heim.

50-91 lokastaða. Frábær liðs-sigur og góð helgi fyrir vestan.

ÍR-stelpurnar eru taplausar á tímabilinu og eru efstar í 1. deildinni í körfunni.



Íþróttafélag Reykjavíkur  
Skógarseli 12 • Sími 587 7080  
Tölvupóstur: ir@ir.is  
Heimasíða: ir.is

## Níu leikmenn ÍR í vali U17, U19 og U21

Handknattleiksdeild ÍR á hvorki meira né minna níu fulltrúa úr sínum röðum í vali þjálfara yngri landsliða. Um er að ræða verkefni fyrir næstkomandi sumar fyrir U-17, U-19 og U-21 landslið karla og kvenna.

Fulltrúar ÍR í hópunum eru: Fyrir U-17 karlalandslið Egill Skorri Vigfússon, Björgvin Franz Hlynsson, Theodór Sigurðsson, Skúli Björn Ásgeirsson og Arnar Óli Ingvarsson. Fyrir U-17 kvendalandslið: Anna María Aðalsteinsdóttir og Isabella Schöbel Björnsdóttir. Fyrir U-21 karlalandslið eru Hrannar Ingí Jóhannsson og Viktor Sigurðsson.



## ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR



GETRAUNANÚMER ÍR

109







# MotorMax

## Smurstöð

### Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

**ENGAR  
TÍMAPANTANIR!**



Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímapantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: [motormax@motormax.is](mailto:motormax@motormax.is)



Motormax ehf.  
Vatnagörðum 12  
Sími: 545 4040

[motormax@motormax.is](mailto:motormax@motormax.is)